# Steinbryggjan 1883-1887

Aðfnr. 2237, örk 3

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Hermed leyfi eg mér, háttvirti Bæjarfógeti, virdingarfyllst ad senda ydur uppdrátt og álit mitt um vidgjörd á bæjarbryggjunni. Bryggjan þarf ad hækka um 1½ alin, 30 al. nidr á bryggjunni og halla ofan eptir med beinum halla mót trébryggjunni þannig ad hún verdi þar adeins 11 þuml. hærri en hún er nú eins og uppdrátturinn sýnir, en uppeptir sje hallinn aflídandi mót malarkambinum. Útveggir bryggjunnar sèu vandlega hladnir úr stóru, tilhöggnu grjóti, med hlaupurum og bindurum, er lagdir sèu í gott „Cement.“ Rúmid milli veggjanna þarf ad fyllast upp med jafnri kastmöl, en þó eigi hærra en svo, ad 10–12 þuml. háir steinar, yfir mölinni sèu lagdir í línu vid útveggina, eins og „Brolægning“ en ekki bundnir med Cementi nè fínt höggnir, heldr adeins ruddir eins og þverskurdur bryggjunnar á teikningunni sýnir; og leyfi eg mér ad gera grein fyrir hversvegna Dekksteinarnir ættu ekki ad vera lagdir í Cement, og er þad af því ad eg hef reynzlu og þekkingu fyrir ad Cementsbindingur í yfirfleti þar sem ekki er fast efni undir, heldur möl og smásteinar, er ótryggt hér á landi vegna frostanna þar sem vatn eda sjór liggur á; því ef dekksteinar eru lagdir í Cement og Vatn nær til ad frjósa undir þeim í mölinni, getur þad sprengt dekkid, er ekki hefir nóga útþenslu, en mundi annars halda ef þad er Cementslaust og holt undir steinunum, þótt vandameira sè ad leggja dekkid á þennan hátt, en vidhafa Cement. —

Í útveggjum bryggjunnar eiga 10 hæfilega stórir járnhringir í boltum ad vera lódadir nidur med blýi hvorumegin og 8 álnir á milli hvers.

Fyrir ad vinna þetta verk svo vel og fljótt sem unnt er, áskil eg mér 2848 kr 40 aur. og leyfi eg mér ad rita hèr sýnishorn af sundurlidudum reikningi yfir efni og kostnad þann er af adgjörd þessari mundi leida, og verdr hann þannig:

| | |
|---|---|
| Steinar í útveggina eru 188 kubikáln. á 4 kr — | 752, kr |
| Fyrir hledslu á útveggjunum og ad höggva steinana 3 kr pr Kubikalin — — — — — | 564, „ |
| Steinar í dekkid eru C. 376 □ aln á 1,80 pr □ al. | 676, 80 |
| Fyrir ad leggja hverja □ í dekkinu 0/60 pr □ al. — — | 225, 60 |
| | 2218, 40 |

Bf. No 889 — 86

Flyt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. aur. |
|---|---|---|
| Flyt | | 2218, 40 |
| 40 tunnur Cement á 12,50 | | 500, " |
| 20 boltar og hringir á 4,50 | | 90, " |
| Fyrir mál og smágrjót til uppfyllingar | | 40, " |
| | ℳ | 2848, 40 |

Ef hin háttvirta bæjarstjórn Reikur bæjar eigi vill tilnefna úttektarmenn að verki þessu þegar því er lokið, gef eg 4-5 ára ábyrgð á því, þó með því skilyrði að eg megi kljúfa allt grjótið í Bryggjuna þar sem mér bezt líkar í óútmældu landi bæjarins.

Reykjavík 11. des. 1886

Virðingarfyllst.
Júlíus Schau.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

T i l b o ð

um bæjarbygginguna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir tilmælum hinnar heiðruðu Hafnarnefndar leyfi eg mér hérmeð virðingarfyllst að senda henni áætlun mína um aukakostnað þann, er leiða mun af því að hafa op á nýjubryggjunni og planka á báðum jöðrum hennar á 80 álna löngu svæði með skrúfboltum, er lóðaðir séu fastir niðrí jaðra bryggjunnar með hér um bil álnar milli bili. Einnig leyfi eg mér að senda hinni heiðruðu nefnd teikningu yfir bryggjuna, gerða eptir þessari áætlun minni ásamt með sundurliðuðum reikningi yfir aukakostnað þann, er leiða mun af breytingu þessari.

Opin á bryggjunni þurfa að vera tvö eins og teikningin sýnir og verðr hvort þeirra 2½ alin á lengd, en 1 al. og 18 puml. á hæð; kostnaðr við að rífa þau á bryggjuna getr eigi minni orðið en 20 krónur. Yfir bæði opin þarf 24 tilsetta steindranga (12 yfir hvort) þriggja álna langa. Undir opunum verða jaðrar bryggjunnar að vera úr góðum tilsettum steini, er lagðir séu í Cement og flóraðr í milli þeirra. Sömuleiðis verða þverveggir bryggjunnar (fyrir ofan og neðan opin) að vera úr góðum tilsettum steini, lagðir í Cement og álnar þykkir, og fara til hleðslu þeirra 32 kubikálnir af steini eins og eptirfylgjandi reikningr sýnir, er verðr þannig:

## I. Reikningr yfir kostnað af opum bryggjunnar.

| | kr. | aur |
|---|---|---|
| 24 steindrangar 3 álna langir à 6 kr hver = | 144, | " |
| Fyrir að leggja 16 þeirra án Cementö à 0,50 kr. hvern = | 8, | " |
| 32 kubikálnir af tilsettum steini à 3 kr hver kubikal. = | 96, | " |
| 10 Td. Cement í 53 kubikal. à 13 kr hver Td. = | 130, | " |
| Fyrir að hlaða 53 kubikáln. kr 3,00 hver = | 159, | 00 |
| Fyrir að flóra 20 □ al. à kr. 0,60 hver □ al. = | 12, | " |
| | 549, | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. | aur |
|---|---|---|---|
| | fl. | 549, | " |
| Fyrir að rífa opin á bryggjunna | = | 20, | " |
| | Alls | 569, | " |

II. Reikningur yfir kostnað plönkum á jöðrum bryggjunnar.

| | | Kr. | aur |
|---|---|---|---|
| 160 Stk Skrúfboltar með plötum undir skrúfurnar á 0/60 kr hver eins og teikningin sýnir | = | 96, | " |
| Fyrir að bora 160 holur í jöðra bryggjunnar fyrir bolta á 0/45 | = | 72, | " |
| Fyrir að steypa boltana fasta í blýi á 0/30 | = | 48, | " |
| Fyrir að skrúfa plankana fasta | = | 10, | " |
| | Alls | 226, | " |

Verður þannig kostnaður við að hafa bæði op á bryggjunni og planka á jöðrum hennar 795 krónur.

Að endingu leyfi eg mér að beina þeirri fyrirspurn til hinnar heiðruðu nefndar hvort hún álíti að skiphaldshringir þeir, sem á teikningunni eru sýndir muni vera nægilega stórir eða hún vilji hafa þá minni eða stærri, og er ósk mín að fá að vita það sem allra fyrst, þar eð eg þarf að fara að fá þá útvegaða.

Reykjavík, 26. apr. 1887

Virðingarfyllst
Júl. Schou.

Til
Hafnarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg mér að gefa hinni heiðruðu Hafnarnefnd í Reykjavík tilkynna að eg óska þess, að sem fyrst yrði rutt timbrinu af Nýju-bryggjunni og úr henni svo eg geti tekið þar til starfa míns þegar er Cementið kemur.

Sömuleiðis þætti mér áríðandi að vita hvort hin heiðraða nefnd ætlaðist til að göt væru höfð á bryggjunni svo sjórinn gæti sogast þar í gegn, sem að minn áliti væri nauðsynlegt og þá jafnframt hafa planka beggja vegna yfir bryggjunni, sem skrúfaðir væru fastir niðr í steinverkið. Ef þessi breyting frá áætluninni yrði gjörð, mundi eg verða fúsá að gefa áætlun um kostnað við hana, en vita þyrfti eg þetta sem allra fyrst.

Virðingarfyllst

Reykjavík, 18. apr. 1887.

Július Schou.

Til

Hafnarnefndarinnar í Reykjavík.

Bfbr 264/87

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðtekið 24 des. 1886

Í brjefi 9. þ. m., sem jeg skrifaði yður, herra bæjarfógeti, til svars upp á brjef yðar 2. þ. m., skýrði jeg yður frá, hvernig jeg áliti að haga ætti aðgjörð á bæjarbryggjunni og hvað mikið aðgjörðin mundi kosta. – Jeg skal á ný taka það fram, að sú aðgjörðartilhögun, sem jeg þá benti á, er að minni ætlun hin heppilegasta, til þess að bryggjan geti orðið sem varanlegust og staðið sem lengst. Eptir minni áliti á að múra allt það, sem ofan á bryggjuna verður hlaðið, með klöppnu grjóti og sementi. Á þann hátt kemst ekkert vatn niður í hana. En ef vatn kemst niður í vegg eða hleðslu og frýs þar, er reynsla fyrir, að það sprengir vegginn eða hleðsluna, en það fyrirbyggist með þeirri aðgjörðartilhöguninni á bryggjunni, sem jeg hef bent á.

Nú skal jeg hjermeð leyfa mjer virðingarfyllst að tjá hinni heiðruðu hafnarnefnd, að jeg er fús til að taka

Bæf. No 957/86

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad mjer áminnsta aðgjörð á bæjarbryggj-
unni fyrir 2640 kr., eins og jeg tók fram
í brjefi mínu 9. þ. m. – Jeg skal geta þess,
að ef svo skyldi fara, að bryggjan bilaði apt-
ur á næstu 5 árum, skal jeg skuldbinda
mig til að gera við hana aptur á minn
kostnað. Enn fremur lofa jeg að setja
3000 kr. veð í 5 ár til tryggingar fyrir
aðgjörðinni, og ef hin heiðraða hafnarnefnd
áskilur sjer að setja 2 verkfróða óvilhalla
menn, til að líta eptir aðgjörðinni, með-
an hún fram fer, þá er jeg fús til að
ganga að því!

Reykjavík 24. des. 1886
Björn Guðmundsson

Til
formanns hafnarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir ósk yðar, herra bæjarfógeti, skal jeg leyfa mjer að gefa yður frekari upplýsingar, en jeg hef þegar gjört, um, hvernig jeg hef hugsað mjer að haga aðgjörðinni á bæjarbryggjunni.

Þar sem trjeð er farið af bryggjunni, er nú sem stendur talsvert lægð í hana um miðjuna innan bleðslunna, og öll líkindi til, að svo sje einnig þar sem trjeð er á henni. Hef jeg hugsað mjer að fylla þessa lægð með smágrjóti og möl, svo að bryggjan verði öll jafnhá og bleðslan utan með, áður en borð er ofan á hana. Að því er snertir hækkun bryggjunnar, hef jeg hugsað mjer að hækka bryggjusporðinn landmegin hjer um bil um 1 al., og síðan smáhækka hana, þangað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til komið er 30 áln. niður frá landsporði, og sje hækkunin þar allt að 1½ al.; síðan fari viðbótin ofan á bryggjuna smáminnkandi, þangað til komið er að trjebryggjunni og sje hækkunin þar ½ al.; með því verður hún jöfn trjebryggjunni.

Jeg leyfi mjer enn fremur að senda yður hjer með uppdrátt af tveim efstu lögunum af bryggjunni; þar sem lögin verða tvö, en neðst á bryggjunni verður eigi nema eitt lag.

Reykjavík 8. jan. 1887

Björn Guðmundsson

Til

formanns bæjarstjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í sambandi við tilboð það, er eg hefi
gjört hinni heiðruðu bæjarstjórn um viðgjörð
á bryggju bæjarins, skal eg hjermeð leyfa
mjer að skýra bæjarstjórninni frá að eg er
fús á að taka ábyrgð á viðgjörðinni í 5 ár
og jafnframt setja veð fyrir. Hefir Sigurður
Sigurðsson í Bræðraborg lofað mjer að ljá mjer
að veði eign sína, hálft húsið „Bræðraborg“ hjer
í bænum, næst á eptir 1000 kr. er nú standa
í eign þessari. Jafnframt leyfi eg mjer að geta
þess, að nefndur Sigurður Sigurðsson hefir tekið
að sjer að vera í verki þessu með mjer að hálfu
leyti, á móti mjer og erum við þannig tveir nú
um tilboð það, er eg upprunalega hefi gjört
einn. — Húseignin „Bræðraborg“ er, eg skal taka
það fram virt á 5,500 kr. alls og veðið í henni
það er bæjarstjórninni er boðið, er þannig
Kr: 1750.00. – Auk þess býð eg að veði hús mitt hjer í
bænum, sem virt er á 2,800 kr., næst eptir 1400 kr.
til landsbankans, og eru þar því boðnar að veði
1400 kr., eða samtals 3150 kr. og vona eg að hin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heiðraða bæjarstjórn taki hin nefndu við gild
fyrir 3000 króna ábyrgð á viðgjörðinni.
Viðvíkjandi tilboði mínu og til stuðnings því, að
rjett sje að leggja eigi í cement steinana á
yfirborði byggingarinnar skal eg leyfa mjer að geta
þess, að höfnin í Rönne á Borgundarhólmi,
bæði hafnargarðarnir og öldubrjótarnir eru þannig
byggðir og hafa þeir þolað um langan aldur
og er þó meiri ís og sjógangur þar en hjer
í Reykjavík, því höfnin liggur fyrir opnu
hafi, en sjór þar saltminni, svo hann
frýs fremur. Eg hefi enda hvergi sjeð grjót
lagt í cement við slíkar byggingar úti í sjó,
nema þar sem brúkað er „Beton“ og er það
þó víðast, þar sem það er brúkað, af þeirri
ástæðu, að það þar er ódýrara en steinar, en
eigi af því að það sje haldbetra.

Reykjavík 8. janúar 1887
Virðingarfyllst
Július Schau

Til
Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Samningur

milli hafnarnefndarinnar af hálfu bæjarstjórnar í Reykjavík og stein-höggvara Júlíusar Schou um að útvega höggið grjót til viðgjörðar á hafnarbyggingunni. etc

1.

Jeg undirskrifaður Július Schou skuldbind mig hjermeð til að útvega hafnarnefndinni (bæjarstjórninni) 376 cubikálnir af höggnu grjóti til viðgerðar á hafnarbyggingunni hjer í bænum; áskil jeg að fá 3 kr. 50 a. fyrir hverja cubikalin flutta ofan að byggingu. Verkinu skal jeg hafa lokið fyrir útgöngu maímánaðar næstkom. –

2.

+ dgs. 11 der. få. + 2736.10

Jeg hinn sami Schou, ~~hjeifur~~ skuldbind mig til að ~~fullgjöra~~ gjöra að henni á þann hátt, sem stendur í tilboði mínu til bæjarstjórnarinnar + og fyrir 2800 kr. + – þarí talið hið höggna grjót – taka ábyrgð á henni í 5 ár og setja húseign mína í veð með 2. veðrjetti næst eptir 1400 kr. Skyldi bæjarstjórnin, eptir að hafa leitað álits fróðs byggingarmeistara í útlöndum, álykta að nota skuli cement í ofaná byggingunni og leggja dekksteinana í cement, er jeg einnig fús á að taka ~~þá~~ að mjer viðgjörðina á byggingunni með sömu skilyrðum og áður segir. En þá áskil jeg mjer sem borgun fyrir allt verkið 2900 kr., og tek eigi ábyrgð á því að svo miklu leyti sem það ~~verður~~ frá brugðið tveim upphaflegu byggingar öllum mínum

3.

~~þá daginn~~ Verkið skal fullgjört innan 6 vikna frá því jeg er búinn að fá Cement, – nema því meiri ótíð hamli – en jeg áskil, að jeg fái að vita af eða á um, hvort mjer verður falið verkið, áður póstgufuskipið fer hjeðan í apríl þ. á. Borgun fyrir grjótið áskil jeg mjer jafnóðum og jeg útvega það. –

4.

Hafnarnefndin ~~f~~ fyrir hönd bæjarstjórnarinnar gengur að tilboði 1 og 3 í þessum Samningi. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kautionen stilles for den Skade, som er bevirket ved at Bygmesteren (Schou) ikke har udført Planerne rigtig eller ikke har holdt sig dem nøje efterrettelig. For denne Skade, forsaavidt den har sin Grund i hans Fravigelse fra Planerne eller Skjødesløshed o: Uefterrettelighed i Udførelsen, er han ansvarlig. Men hidrører Skaden fra selve Planets Ubrugelighed i og for sig, medens Bygmesteren har holdt sig Planerne nøje efterrettelig, kan han ikke, naar han selv i Forvejen har afgjort erklæret sig imod Planerne, være ansvarlig for Skaden. Kautionen stilles i saa Tilfælde ikke for Planets Holdbarhed i og for sig, men for Udførelsens Correcthed og Overensstemmelse med Planen og derfor kun for Skade, bevirket ved Afvigelser derfra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer, að skýra yður, herra bæjarfógeti, frá, að jeg skoða mig frá þessum tíma ekki lengur en verkast vill bundinn við tilboð mitt um aðgjörð á bæjarbryggjunni, þareð þessi dráttur kom á málið, sem nú er fram kominn.

Ennfremur leyfi jeg mjer að tjá yður, að jeg er fús til að taka að mjer útvegun á grjóti til bryggjunnar fyrir 40-50 kr. teningsfaðminn af góðu hleðslugrjóti.

Reykjavík 13. janúar 1887.

Björn Guðmundsson

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg mér enn á ný að óska þess að hinni heiðruðu Hafnarnefnd Reykjavíkur mætti þóknast að sjá um að rifið sé ofan af nýju bryggjunni, sem nú er í viðgerð og timbri rutt úr henni þar eð eg eigi álít vera skyldu mína að annast um það, nema því að eins að samið sé við mig um það fyrir vissa fjárupphæð, þar eð engin áætlun er gjörð um það í sundurliðuðum reikningi mínum, er til sýnis er hjá hinni heiðruðu nefnd, né heldur er á það minnst í samningi þeim, sem gjörður er 17. jan. þ.á. milli hennar og mín.

Reykjavík, 19. apr. 1887.

Virðingarfyllst

Júlíus Schou.

Til

Hafnarnefndarinnar í Reykjavík

Bjf 1u 2 70/87

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur